



Ríkisstjórn Íslands
Katrín Jakobsdóttir, Forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson, Fjármála- og efnahagsráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Fjallabyggð, 27. nóvember 2018
Nr. erindis 1811070 / GIB

Efni: Flutningur ríkisstofnana til Fjallabyggðar.

Ágætu oddvitar ríkisstjórnarflokkana.

Landsbyggðin hefur lengi átt í vök að verjast varðandi fólksfækkun og fækkun starfa. Þetta á þó ekki við um svæði þar sem laxeldi í sjó og aukin ferðamennska hafa dafnað með tilheyrandi fjölgun starfa.

Því er ekki fyrir að fara hér í Fjallabyggð. Eftir opnun Héðinsfjarðarganga styrktist byggð í báðum byggðarkjörnum Fjallabyggðar þ.e. Ólafsfirði og Siglufirði. Auknar fjárfestingar í líftækniiðnaði og ferðamennsku höfðu í för með sér fjölgun starfa í byggðarlaginu og íbúum Fjallabyggðar fjölgaði. Á undanförunum 3 árum hefur þessi þróun snúist við og íbúum og störfum hefur fækkað. Íbúar í Fjallabyggð voru 2045 árið 2015 en eru nú 2006 eða 2% fækkun.

Því er það mjög nauðsynlegt að fjölga störfum í byggðarlaginu. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Ein leið er að fjölga störfum með flutningi ríkisfyrirtækja til Fjallabyggðar. Þar er nægilegt og hagstætt húsnæði til slíks í báðum byggðarkjörnum ásamt góðu og stöðugu vinnuafli. Einn möguleiki er að flytja Hlutfélagaskrá, Fyrirtækjaskrá og fleiri smærri og meðalstórar ríkisstofnanir til Fjallabyggðar. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, nú og margra annarra ríkisstjórna, að styrkja byggð í landinu og flutningur ríkisstofnana út á land er ein leið til að ná því markmiði. Það getur varla verið lögmál, að sem flestar ríkisstofnanir séu staðsettar í 101 Reykjavík. Nútíma tækni í samskiptum og gagnaflutningum hljóta að breyta þessu.

Því fer bæjarráð fram á það við Ríkisstjórn Íslands, að hún kanni möguleika á því að flytja ríkisstofnanir til Fjallabyggðar. Flutningur ríkisstofnanna til Sauðárkróks og Akureyrar hefur tekist vel og styrkt stöðu þessara byggðarlaga.



Með von um góðar undirtektir.

Bestu kveðjur að norðan
Fyrir hönd bæjarráðs Fjallabyggðar

Virðingarfyllst,


 **Fjallabyggð**
Gunnar Ingi Birgisson **Bæjarstjóri**
Bæjarstjóri